

Ed.

39. Frumvarp til laga

[38. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson, Friðjón Skarphéðinsson,
Gunnar Thoroddsen, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hefur verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð: „Á árunum 1937—1942 var verulegum hluta af landi ríkissjóðsjarðanna Kópavogs og Digraness skipt upp í nýbýla- og ræktunarlönd, og voru ræktunarlöndin látin af hendi með erfðaleigusamningum. Miklum hluta af landi jarðarinnar Kópavogs var þó haldið eftir vegna hæla ríkisins þar og búrekstrar. Á ræktunarlöndunum á Kópavogs- og Digraneshálsunum tók að festast byggð á stríðsárunum, þótt varla væri til þess ætlað, er þau voru látin af hendi. Árið 1948 var Kópavogshreppur stofnaður. Síðan hefur byggð aukizt þar svo ört, að nú eru þar um 4000 íbúar. Þessi byggð var tekin til skipulagningar sem þéttbýli árið 1947, og er nú ákveðið, að allt land jarðanna Kópavogs og Digraness, nema það, sem hælum og búi í Kópavogi er ætlað, og land nýbýlanna, verði skipulagt sem byggingarlóðir.

Á öðrum stöðum á landinu, þar sem áður hefur gerzt hið sama og nú hefur orðið í Kópavogi, að kauptún hefur vaxið upp á landi, sem var ríkiseign, hefur þótt sjálf-sagt að heimila viðkomandi sveitarfélögum kaup á landinu, hafi þau óskað þess. Þannig voru Akranesi, Ólafsfirði, Dalvík og fleiri kauptúnum heimiluð slík kaup á sínum tíma með lögum frá Alþingi.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, og eru tekin upp í frumvarpið svipuð ákvæði og verið hafa í lögum, sem Alþingi hefur áður sett um sama efni, svo sem það, að ríkið geti jafnan keypt aftur það af landinu, sem það kynni að þarfnast síðar, sama verði og það var selt. Þá eru í frv. sams konar ákvæði um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum og veitt hafa verið öðrum sveitarfélögum, t. d. Dalvíkurhreppi 1954, og liggja til þess sömu ástæður og þar.“